


# TVÖ SKÁLD



EFTIR DR. HELGA PIETURSS.

# Tvö skáld.

Andvökur. Eftir *Stephan G. Stephansson*. 1868—1907, I—II.  
Reykjavík 1909.

## L.

Það má stundum heyra Íslending segja um annan, að hann þykist vera »geni«, og þarf varla að geta þess, að ræðumaður er þar á öðru máli, eins og líka mun varlegra. En aldrei hefir svo eg viti til, útlendingur tengt orðin »geni« eða »genial« við Íslending nafn. Því að eg tel auðvitað ekki Thorvaldsen eða Niels Finsen Íslendinga, þó að af íslenzku bergi væri brotnir.

En þetta sem eg nefndi er eitt af því sem sýnir hve smáum augum er á oss lítið. Það er eins og það sé talið sjálfsagt, að menn með slíku hugarfari sem orðið »geni« tákna, fyrirfinnist ekki hjá þessari fámennu, strjálíngjaþjóð. Og er nokkur vorkunn þó að menn líti svo á. En þó má í þessum efnum ekki dæma of mjög eftir því, hvað ávextirnir vilja verða kyrkingslegir; hér verður að spyrja eigi einungis að leikslokum, heldur einnig að sakaratvikum.

Það er um ýms íslenzk hugskot líkt og íslenzka jörð: þar grær færra og minna en vildi, loftslagið er ekki að sama skapi gott eins og jarðvegur-

inn. Og varla kemur mér til hugar, að Jónas Hallgrímsson hafi verið að eðlisfari minni listamaður en Thorvaldsen; eða skyldi Stepan G. Stephansson vera ófrumlegri gáfumaður heldur en Niels Finsen, þó að þar sé ólíkara saman að jafna. En þó mun eðlisfræðingurinn mikli, H. C. Ørsted, sem líka fekst við að yrkja, ekki hafa rangt fyrir sér, þar sem hann talar um hve líkt sé gáfnafar hugvitsmanna og skálda.

Hve sjaldgæft vitmagn hefir ekki þurft til þess að gera nafn manns, sem fór unglíngur alfarinn af Íslandi og hefir unnið fyrir sér með jarðyrkju, að einu af beztu nöfnum vorrar þúsund ára gömlu ljóðlistar. En þó að kvæðin séu góð, þá munu sumir lesendur samt dást ennþá meira að þeim gáfum sem undir þeim búa.

Skáldið víkur sjálft að þessu þar sem hann kveður um þau fegri og lengri lög sem ómi honum í hugardjúpi, eða um öll »léttfleygustu ljóðin« sem liðið hafi sönglaust frá honum, og þar sem honum kemur í hug að lífsbaráttan kunní að verða svo hörð, að dauðinn brenni hann inni með alt sem hann

hefir hugsað sér; og í þessu erindi úr fögru kvæði um Jesús:

Ög skáldið hreppir blutfall það,  
sem hversdagslífið þrengir að,  
sem hnígur undir önn og töf  
með öll sín bestu ljóð í gröf.

Eg fyrir mitt leyti sé nú mest eftir þeim ritum Stefáns í óbundnu máli, sem tapast hafa. Því að mér virðist lítill efi á því, að hann, sem á bæði til fyndni og djúpsýn, og er orðsins meistari öllu fremur en rímsins, hefði ekki síður getað verið lausmáll af sjaldgæfri snild.

Af ýmsu virðist mega ráða, að töpuðum hugsunum muni öllum almenningsi einna sízt eftirsjón í. Og þó væri heimurinn allmjög öðruvísi, og víst óhætt að segja miklum mun betri, ef ekki hefðu tapast og dáíð ótæddar svo margar góðar hugsanir.

## II.

Ef til vill má eg hér skjóta inn dálitilli athugasemd um það mjög umþráttaða efni, hvað sé »geni«. Líklega er það eitthvað í áttina, að nefna það óvanalegt tilfinninganæmi, eða viðkvæmni, sem nær alla leið upp í skynsemi og vit; og ætti það þá auðvitað rót sína í frábrugðinni gerð á heila og taugum; taugasamböndin margháttaðri, taugæfnið fjölbreytnara og auðbreytnara þangað væri að rekja, að það sem vér nefnum heim verður stærra og fjölbreytilegra í sál gáfumannanna, en líka heildarlegra, samböndin fleiri; að slíkir menn sjá helst líkingu og finna líkingar; að hjá þeim er andlega jafnvæginu hættara en hjá hversdagsmönnum. Og í þessu síð-

astnefnda atriði er ef til vill innifalinn allur skyldleikinn með vit-snillingum og vitfirringum, sem blekjúdar eins og Max Nordau — og annars sumir betri menn — hafa lagt svo mikið upp úr. Að telja afburðavit ekkert annað en nokkurskonar taugaveiklun, virðist ekki ósvipað eins og ef menn héldu, að afarmiklum vöðvakrafti væru vanalega samfara veikar sínar, af því að það vill til, að mjög sterkir menn slíta sínar frá beini á afraunum, sem ósterkir menn mundu ekki hafa getað borið við.

## III.

Hálfsextugur er Stephan G. Stephanson þegar kvæðabók hans kemur loksins á prent, fyrir tilstilli nokkurra Vestur-Íslendinga, sem allir íslenzkir bókavínir munu þakkir kunna fyrir tiltækið. Því að kvæðin sem þessi útlagi Íslands um meir en mannsaldur sendir oss, teljast óefað til þess, sem fáir þeir er annars lesa með skynsemi, mundu vilja láta ólesið.

Andvökur nefnir Stefán kvæðasafn sitt, og verður manni þar að minnst þess, að höfuðsnillingur íslenzkra bókmenta, Snorri Sturluson, kallaði eitt kvæði sitt andvöku.

»Andvaka« (vaka móti vilja sínum, mæðuvaka) er eitt af þessum orðum, sem kemur mér til að dást svo mjög að íslenzkunni, og hugsu til fornmannanna, sem kallaðir voru spakir, og annara, sem ef til vill voru ennþá vitrari, en ekki hlutu þetta heiðursauknefni. Og hefði þetta orð ekki verið til, þá er ekki ólíklegt, að Stefán hefði skapað

það. Því, að vísu sjást hin óumflýjanlegu merki útlegðarinnar sumstaðar á íslenzkunnni hans; hann getur mismint um þýðingar orða, og á einum stað heldur hann jafnvel að »hörgull« sé lýsingarorð; að vísu koma fyrir í bókinni orð eins og »knurra«, »sigurstifur«, »krympa sig«, illkynjað dala-mál, fengið úr sömu áttinni eins og »reisendur« og »lagajúristar«. En þó er Stefán manna orðhepnastur og orðspakastur vanalega, og orðin sem hann smíðar — eru annara nýyrðum fremur eins og komin frá hjarta íslenzkunnar. Einmitt úr hugskotum líkum hans hygg eg það sé, sem íslenzkan hefir erft ýmislegt það, sem dásamlegast er í fari hennar.

En um orðið andvaka mætti geta þess til, að gamni sínu, og ef til vill án þess að vera misskilinn, að það sé komið upp í Þórólfsfelli í Fljótshlíð, þar sem Njáll, sem ekki er kendur við speki, heldur við brennu, átti stundum bágt með að sofa, eins og segir í sögu hans. Kvs eg orðinu þá fæðingarsveit meðfram af því, að það hefir svo margt gott orð verið sagt í Fljótshlíð, um Fljótshlíð og um það, sem gerst hefir í Fljótshlíð.

#### IV.

Þó að skáldið þekki vel andvökugeð, því að það er einmitt þess háttar skap, sem svo ágætlega er lýst með orðunum: »Þá sviður kvíðans gaddfrost í gagnaðri taug«, þá er litill andvökublær á kvæðunum yfirleitt, miklu fremur árvöku. Það er ekki ólíklegt að skáldið gæti um ýms kvæðin sagt líkt og Egill:

Vark árvakr  
bark orð saman  
með málþjóns  
morginverkum.

»Glóbrún dags með ljós í auga«,  
einhver sólaruppkomugleði skín yfir  
ýmsum kvæðunum, eins og þessu  
kjarnerða lofkvæði til náttúrunnar:  
Eg ann þér, eg ann þér, þú indæla jörð.

En í andvökugeði er Jónas, er hann kveður:

Fátt verður þeim til bjarga,  
sem nóttin niðist á,

og Heine er hann segir: Góður er svefninn, betri dauði, en bezt af öllu væri að hafa aldrei fæðst.

(Gut ist der Schlaf, der Tod ist besser,  
freilich,  
das beste wäre nie geboren sein.)

Og slíku geði er eðlilegt að líta á jörðina, ekki eins og móður afsins og æskunnar, fæðandi sífellt nýtt líf, til nýrrar gleði, heldur eins og opna gróf, fyrir alt líf sem á eftir að deyja og fæðast.

Orðið náttúra, natura (nasci, að fæðast), á aðeins við annan aðal-eiginlegleika lífsins; það er bjartsýnt orð (frá því sjónarmiði, að lífið sé gott). Það mætti eins nefna »náttúruna« einhverju nafni sem benti til þess; að alt á að deyja. —

#### V.

Það væri auðveldara að skrifa ritgerðir um einstök kvæði Stefáns, en rita um bók hans í heild sinni; hann kemur svo víða við og vekur svo margar hugsanir

Hann yrkir um alla þá dýrð á himni og jörðu, sem birtist hinum

langsýnu augum útiverumannsins, einkum þegar þau eru líka næm skáldaugu. Hann er glítmáll framar flestum ef ekki öllum íslenskum skáldum, og þarf ekki annað en minna á hin ar mörgu samsetningar skáldsins af orðinu »blár«, fleiri ófað en til eru í nokkurri annari bók íslenzkri.

Hann kveður um mannlífð, um ýmsa þá viðburði nútímans, sem eru einsog eftirtektarverðustu sjúkdóms-einkenni hins auma mannkyns, Búastriðið, Dreyfusmálið, hin viðbjóðslegu verkalyðsv'g í Pétursborg.

Í meinfyndnum stökum stundum, hendir hann ýmsa hugsun sem í loftinu liggur; og úr fönnum sögum og sögnum fær hann efni í nýja speki eða þá afbragðs lýsingar eins og í kvæðinu landnámsmaðurinn, sem vísa Öfundar trúfótar vekur honum:

Kröpp eru kaup ef hreppik  
Kaldbak en ek læt akra

Ög hin mesta uppgötvun, sú sem eiginlega gerir mennina að mönnum, að það er til framtíð, er honum vel kunn:

Eg í huga sé og syng  
sumar-drauma alt um kring,  
út að fjarsta alda-hring  
yztu þar sem vonir blána.

En varla er að furða, þótt stundum vakni efi um, að þessi uppgötvun sé rétt. Svo margt minnir enn-þá í mannfélaginu á, þegar steinaldar-menn mættust forðum og ekki var nema tvent fyrir, að sigra óvin sinn og éta hann eða falla og vera étinn af honum.

## VI.

Hvillikur snillingur Stephan G. Stephansson er að lýsa, kemur hvergi betur fram en í kvæðabálkinum «á ferð og flugi», sem prentaður var fyrir nokkrum árum og verður tekinn upp í 3. bindi kvæðabókarinnar. Hygg eg, að það muni vera bezta ferðasaga, sem til er á íslensku, að undantekinni einungis hinni ódauðlegu frásögn um ferð Þórs til Útgarðaloka.

Það má hér minna á lýsinguna á Ragnheiði litlu:

sem vormorguns sólskin um héléða hæð  
o. s. frv.; á kaflann »daginn eftir hlákuna« og á þessi orð úr VI kaflinum:

Í bungótri fjalfella af bláhvítri mjöll  
var byrgt niðri völlum og gróf  
Ög hrimþakin tréu voru sviþleg að sjá  
sem sálar úr helþrosnum skóg;  
En móðökkur náttkólguhringurinn hár  
við heiðloftið svellgráa þar  
Það var einsog himininn hængi við jörð  
og hefði' orðið samþrosta þar.  
Í skýlausa hvelþing var skuggaop blátt  
svo skímulaust, gínauði hljótt  
Sem loftshliðið opnaðist langt uppi' í geim  
að ljóslausri gjöraða og nétt.

Ög þessi orð úr lýsingunni á bæjarbragnum í Golden eiga líklega að sumu leyti við um fleiri en einn bæ þar sem menn hafa haldið, að gull væri í jörðu:

Mig þagar það álíkt, að örfáir menn  
sér eigna hér bústað og jörð;  
Mér finst eins og þærinn sé fjárhúsa krans  
og fólkíð sé erfðamerkt hjörð!  
Öll framboðna varan sé skröksögu skreytt,  
hver skoðun af flokksdrætti höll,  
Ög stórgróðans aðferð mér strandhöggsleg  
og atelvíslæg gjaldþrotin öll. [finst

## VII.

Rím Stefáns verður hér nokkuð að minnast á, þó að öðrum væri það efnis sjálfsagt betur hent. Hann hefir það til, og það eigi sjaldan, að kveða dansandi bringhendur, sem minna á Sigurð Breiðfjörð eða Þorstein Erlingsson:

Tungan löngum létt og hvell  
lék og söng á stuðlum.

Hann kveður líka ágætlega og nær einmitt þeim tónum, sem koma við hjörtun í þeim «brjóstum sem geta fundið til» í kvæðum sem minna ekki á neinn annan en einmitt Stephan G. Stephansson. Mætti þar nefna t. a. m. »heimförin« og kvæðið »minni Íslands, þar sem er þetta erindi:

Legg þú auðna ár og frið  
Íslands ver og grundam.  
Hitt veit enginn einsog við  
Að oss langar stundum  
Hörpu að lokka Orfeif af  
Inn á frónska móa  
Syngja austur yfir haf  
Akra vora og skóga.

og mörg fleiri kvæði mætti nefna sem eru snildarlega kveðin. En þó er ýmislegt, sem bendir til þess, að eyra skáldsins sé ekki jafn frábært og augað; hann rímar »gróf« á móti «skóg» og »bláu« móti «sváfue», (í bringhendunni »hreiðrum læðast fuglar frá«, sem annars væri afbragð); hann raðar ekki allsaldan saman hljómlitlum orðum, og bragfæturnir vilja stundum verða fleiri en bezt fer á, einsog t. a. m. í kvæðinu »heimskauts-fararnir:

Og í er standa flet en allflest þeirra auð  
og óbúin upp með veggjum fram í röð,

í nokkrum kúrir holdlaus hirðasnaud  
Í hel soltin mannsgrind lopablá og dauð.

Það væri heimska að ætlast til þess af manni, sem hugsar miklu dýpra en alment gerist, að hann sé hvergi torskilinn eða myrkur í máli.

En sum myrkmælgí í kvæðum Stefáns virðist stafa af því meðfram, að hugsunin er heft af rímsjötrunum. Og eftirtektarvert er það, að hvergi kveður skáldið dýrlegar en í kvæðunum »á ferð og flugi«, sem ekki eru dýrt kveðin.

Hér verður fyrir að minnast Heines, sem er einsog menn vita allra ljóðskálda fyndnastur og hugkvæmdasamastur; yrkir hann mjög oft undir svo einföldu lagi að nær ekki er lagi líkt, heldur óbundnu máli; það eru ekki stuðlaföllin og smellirnir heldur eins og bliður ölduvaggandi í þessu erindi úr Atta Troll (sem ég tek af því að svo auðvelt er að þýða það nærri orðrétt):

Trage mich durch stille Thäler  
Wo die Eichen ernsthafte ragen  
Und den Wurzelknorren entrieselt  
Uralt süsser Sagenquell

(Berðu mig um kyrra dali  
Þar sem alvarlegar eikur  
Gnæfa' en undan rótum líður  
Fornra sagna ljúfast lind).

Það virðist nærri því mega ætla, að þessi heimsmeistari ljóðlistarinnar hafi ekki getað komið saman svo honum líkaði, hugkvæmdum sínum og dýru rími.

Ef til vill hefði nú öðru vísi farið, hefði hann eignast jafn ljóðleikið mál og íslenzkan er. En hvað erfitt muni vera að koma saman góðri hugsun

og fögru rími, má sjá jafnvel á því kvæði, sem einna fegurst mun hafa kvæðið verið. Eg á við það hvernig Jónas leggur Gunnari orð í munn er hann lítur upp til hlíðarinnar:

Leit eg ei fyr svo fagan jarðargróða  
Fénaður dreifir sér um græna haga  
Við bleikan akur rósinn blikar rjóða  
Hér vil eg una ævi minnar daga  
Alla sem guð mér sendir.

Yndisleg orð. En þó verður manni að hugsa, að Gunnar hefir margoft áður séð þenna sama fagra jarðargróða, að undanteknum rjóðum rós-um blikandi við bleika akra; það sá hann hvorki þá né endranær. Og meiri snild er hér á orðum Njálu, sem hugsar að vísu meir en nokkurt annað íslenzkt rit um fagan hljóð og niðurröðun orðanna, en er ekki bundin við rím: Fögr er hlíðin, svá at mér hefir hún aldri jafnfögr sýnst, bleikir akur eun slegin tún.

VII.

Stephan G. Stephansson hefir verið nefndur alþýðuskáld, en eg hygg að hann sé í tölu þeirra Íslendinga, sem óalþýðlegastir hafa verið. En óskandi væri að hann yði alþýðuskáld í þeirri merkingu, að alþýða manna vildi lesa kvæði hans og læra af þeim.

Því að aldrei hefir frjálsari hugsun birst í íslenskum kvæðum og aldrei mann-úðlegri. Hið andlega þokuloft hins enskumælandi heims hefir ekki getað skemt Stefán.

Hann er vaxinn upp úr allri goðafræði og yrkir þannig:

Eitt um goðin ill og góð  
Eg að fullu veit og skil  
Þau eru alveg útdauð þjóð  
Sem aldrei hefir verið til.

En þessi goðlauss er þó merkilega trúarsterkur maður eins og sýna þessi snildarorð hans:

Að ég væri fulltrúa' að fyndist þó loks  
Í framtíðar ómælishyl  
Það gull sem að óþekt í aurunum lá  
Og atvikið gróf ekki til.

Mannúðarhugurinn lýsir sér í lín-um þessum t. a. m.:

Eg veit það er indælt við sjávarins sanda,  
Þá sólarlags gullþiljum láðeyðan felst,  
En þar kysi' eg landnám sem langflestir  
stranda  
Ef liðsint eg gæti — eg bygði þar helst.

Eitt af þeim kvæðum, sem bezt lýsir lífsskoðun skáldsins er »Kveld«. Kvæði einsog »kveld« og »Bratinn« eftir Þorstein Erlingsson koma hjá slíkum skáldum í stað sálma og sálma-kynjaðra kvæða hjá eldri skáldunum. Mér er stundum að koma í hug hvort Hallgrímur Pétursson mundi ekki á vorum dögum hafa kvæðið eitthvað svipað og þar er gert, því að telja má víst, að á 20. öldinni mundi ekki hafa verið á honum 17. aldar bragur.

Í þessu kvæði sem eg nefndi minnst skáldið á löngun sína til að dreyma

Það landið sem ekki með onálag hált,  
Í upphæðum neitt getur bæzt,  
Þar einskis munns velferð er volæði hins  
Né valdið er takmarkið hæst  
Og sigurinn aldrei er sársanki neins,  
En sanggirni er boðorðið æðst

Þar er þetta djúphugsaða erindi:

Og villunótt manntyns um veglausu jörð  
Svo voðalöng orðin mér finst

Sem framfara skíman sé skröksaga ein  
 Og skuggarnir enn hafi' ei þynst.  
 Því jafnvel í fornöld sveif hugur eins hátt —  
 Og hvar er þá nokkuð sem vinst?

Svoða kveður enginn nema stór-  
 skáld, og rýrir það ekki skáldið  
 þó að vafalaust megi neita því  
 sem segir í næstsiðustu línunni, og  
 svar hans við spurningunni í síðustu  
 línunni sé vafasamt.

Því að fornöld mannkynsins var  
 ekki fyrir 3000 árum eða jafnvel  
 6000 árum, heldur fyrir 300000 ár-  
 um t. a. m. Svo voðalöng er »villunótt  
 mannkyns um veglausa jörð» orðin.  
 Og lengst af virðast framfarirnar hafa  
 verið sama sem engar, eða dimt aftur  
 þó að eitthvað hafi birt í lofti. En  
 má nú ekki ætla að nú muni fara að  
 morgna, og væri þá ilt að vera svo  
 smemma uppi, að fá ekki að sjá dag-  
 inn. Það fer líklega svo fyrir fleir-  
 um en einum, að í barnæsku óska  
 þeir þess að þeir hefðu mátt vera  
 uppi á söguöldinni, en á fullorðins-  
 árunum kemur þeim stundum í hug,  
 hve hlálegt sé að verða að lifa áður  
 en mannkynssagan hefst. Því að alt  
 sem gerst hefir fram að þessum tíma  
 er áðeins inngangurinn að vitöld;  
 heimskan er æðsta valdið enn.

Síðasta erindið í hinu fagra kvæði  
 Stefáns er þannig:

Og hugarrór stigið í hviluna þá  
 Að hinztu sem við eg ei skil  
 Svo viss að í heiminum vari þó enn  
 Eiver von mín með ljós sitt og yl  
 Það lifi sem best var í sálu míns sjálfs —  
 Að sólskinið verður þó til.

Skáldið lætur hér í ljósi svipaðar  
 hugsanir einsog einn af allrahelstu

rithöfundum nútímans, H. G. Wells,  
 (og alkunnur Íslenskur gáfumaður og  
 — það sem flestum mun þykja meira  
 um vert — embættismaður, sem því  
 miður fæst lítið við að rita).

En mér fer hér líkt og Þór og  
 þeim félögum fyrir utan höll Útgarda-  
 Loka, eg set höfuðið á bak aftur og  
 fæ þó ekki séð yfir upp, né heldur  
 komist inn. Eg dáist að því hugar-  
 fari sem þarf til að komast að þess-  
 ari lífsskoðun. Það er svo erfitt að  
 setta sig við þá hugsun, að einstakl-  
 ingurinn sé ekki nema eins og gári  
 á straum tímans, sem snöggvast finn-  
 ur kvöl tilverunnar og speglar eitt-  
 hvað af dýrð hennar, en hverfur svo  
 að eilífu. Það er svo daufleg trú, að  
 dauðinn sé eina bótin. En þó gæti  
 mönnum komið til hugar, er þeir líta  
 á trúarbragðasögu mannkynsins, hvort  
 það mundi ekki mönnum hollast  
 til langframa að trúa á lífið, og svo  
 á dauðann.

### VIII.

Hér verður enn minnst á ýms kvæði  
 sem mér þykja eftirtektarverð, og þó  
 mjög miklu færri en eg vildi.

Stakan: Einn að róla sér með sitt  
 o. s. frv. tekur fram eitt ihugunarvert  
 einkenni skáldsins.

»Njáll fór oft frá öðrum mönnum  
 einn saman ok þuldi«.

Spekingurinn mikli, Nietzsche segir  
 eitthvað á þá leið, að vit manna megi  
 talsvert marka af því hvað vel þeir  
 uni sér einir og án þess að tala við  
 aðra. En hitt vita allir hvernig heimskt  
 fólk getur verið sítalandi nærri dag



og nótt, og það með þessum skarfa-  
rófum.

Skagafjörður heitir eitt af glæsi-  
kvæðum skáldsins. Frá jarðfræðings-  
sjónarmiði er þar að athuga, að skáld-  
ið eignar Frosta of mikið af því sem  
Surtur hefir unnið, alveg gagnstætt  
þeini aðalvillu, sem vísindamenn hef-  
ir ennþá hent í jarðfræði Íslands.

Í sama kaflanum er afbragðsgóð  
þýðing á kvæði Drachmanns eftir  
Niels Finsen.

Afkastaleysið heitir vísa frá 1881,  
en einmitt þau árin, þegar höfundur-  
inn er á þeim aldri er mest birtir til  
í huga seinþroska íslendinga, hefir  
skáldið ort lítið, eftir þessum tveim  
bindum að dæma.

Einkennilega vel ortar eru vísurn-  
ar til Þorsteins Erlingssonar, sem Stef-  
án telur fremstan af núlifandi skáld-  
um vorum — og fyndið niðurlagið  
ef menn hafa í huga »árgalann« eftir  
Þorstein.

Óvanalegt er að íslenskt skáld segi  
kvenfólkinu eins mikið af beiskum sann-  
leika og kvæðið Hlaðgerður hefir að flytja.  
Er Hlaðgerður nýtt kvenmannsnafn,  
sem skáldið hefir búið til, og á einkar vel  
við um þá ekki óalgenga tegund kven-  
fólksins sem kvæðið er um gert

Því venjurnar heimta þig svona til sín  
Úr síðum og háttum er inurætni þín  
segir skáldið, nærri því einsog Wei-  
ninger væri farinn að yrkja.

Kvæði einsog »greniskógurinn«,  
»áin«, »Illugadrápa«, eru hvert öðru  
betra, og býst eg einkum við að all-  
ir mundu Illugadrápu vilja kveðið  
hafa.

Vísur Íslands til skáldbarnsins í  
vöggunni eru að vonum beiskyrtar,  
því að fátt er eins óvænlegt til fjár  
og frama — hjá þessari þjóð eins og  
skáldgáfa jafnvel þó að á hæsta stigi  
sé; og þarf þar ekki annað en minna  
á þá frændurna Hallgrím og Jónas.  
Nú er þetta að vísu svolitíð að lag-  
ast, og slíkir menn þykja ekki alveg  
eins réttlausir og fyrrum, þó að seint  
sjáist hvíllik þrýði þjóðfélögunum er  
að beztu snillingunum. Eða myndi  
mönnum ekki nú verða leit úr að  
nefna þann embættismann eða kaup-  
mann samtímis Jónasi Hallgrímssyni,  
sem þeir vildu ekki hafa mist úr sögu  
þjóðarinnar, heldur en þetta skamm-  
lífa, svo mjög rangnefnda óskabarn  
Íslands, — sem fæddist á Hrauni í  
Øxnadal, og fekk líka um æfina að  
kenna á nybbum og nautseðli. —

»Almannarómurinn« er eitt af  
beztu spekikvæðum skáldsins, og sýn-  
ir að ekki er höfundinum að fara  
aftur. Kvæðið er eitt af þeim sem  
síðast er ort.

## IX.

Eitt verð eg að leiða hjá mér, og  
láta geymt handa því riti, sem telja  
má víst að verða muni samið Stefáni  
til heiðurs, ef hann verður nógu gam-  
all. En það er að tala um af hverj-  
um hann muni hafa lært. Því að  
jafnvel þeir, sem frumlegastir eru,  
hafa þó lært af öðrum, og snildin  
er einmitt að nokkru leyti undir  
því komin, að menn hafi vit á að  
læra af þeim, sem beztir eru.

Það væri fróðlegt að rekja hvað

mikið Stefán á að þakka enskum bókmentum, en það er ekki allt sem liggur eins laust fyrir og það, að skáld sem talar um lög hnotskógarins muni ekki ókunnugur Kipling. Líka væri fróðlegt að geta sýnt hvernig tónar heimaskáldanna óma í hörpu hans, og hverra. En þetta verður, eins og vikið var á, að biða annara penna.

### X.

Gallarnir á kvæðum Stefáns eru litlir hjá kostunum, og er ekki vafi á því, að klettafjallaskáldinu muni verða skipað innarlega á hinn æðra bekk í höll Braga.

Eg leyfi mér að komast svo að orði, þó að þess sé hvergi getið, að Bragi,

eigi sér neina höll; svoltið af skálda-leyfinu verður líka að ná, til þess sem skrifað er um skáld. Snorri segir, að Bragi sé ágætur að speki og mest að mál- snild og orðfimi. Og með því að svo margt er líkt á himni og jörðu, vekur einmitt þessi lýsing mér þann grun, að Bragi muni tæpast hallareigandi. Eða sjaldnast hefir svo verið eða er um þá, sem í Mannheimum mætti lýsa líkt og Braga. Enga höll átti Hallgrímur Pétursson og enga Jónas; enga á Þorsteinn, og þó að hús Stefáns sé eftir myndinni að dæma snoturt, þá mundi honum hæfa háreistara, ef farið væri að orðsnild hans og óðspeki.

## Heiðarskáldið.

### I.

Eftir Stephan G. Stephansson hefir meira sést á prenti en flest önnur skáld Íslenzk, og hann er kunnur meðal Íslendinga austan hafs og vestan.

Allt öðru máli er að gegna um heiðarskáldið. Æfikjör hans hafa stygt frá honum eigi aðeins »léttflegustu ljóðin«, og fátt eftir hann hefir komið fyrir almenningsjónir. Hann mun varla öðrum kunnur en sveitungum sínum og nærsveitamönnum, og aldrei hafði eg heyrt hann nefndan, áður séra

Páll Jónsson prófastur á Svalbarði sagði mér frá honum. En þegar eg kyntist þessum gamla manni, virtist mér hann merkilegur, eigi aðeins vegna þess, að hann er vottur um hvað er ódrepanði þessi neisti, sem nokkur von er til að Íslendingar hafi hitann úr áður lýkur. Því að það er víst, að án ímyndunarafis verða engar framfarir. Aðalmunurinn á mönnum og öpum er, að mennirnir hafa dálítið meira ímyndunarafi, eru hugsýnni.

## II.

Hávarðsstaðir heitir bæur uppi í heiðinni suður af Þistilfirðinum, langt frá öðrum mannbústöðum. Er afreittar-gott þar innaf suður að Heljardalsfjöllum, og eyðifagurt að líta í sumar-sólskini yfir hálandið, blíkandi í vötnum, yfir að Hágöngunum, sem minna einhvernvegin á bryndreka í úfnum sjó, þar sem þeir rísa svo frambrattir yfir grágrytisöldurnar.

En sundmjúkir silungar leika í lögnum og strámi í Hafralónsá, og svan-fagar álfir prýða vötnin.

## III.

Á Hávarðsstöðum býr Jón gamli Samsonsson og er góður heim að sækja, einkum þegar lítið er á hjartað. Því að efnin eru lítil. Það þurfti ekki lengi að tala við Jón til að finna að hann er skáld, mælskan mikil, og undraðist eg hvaðan þessum heiðarbónda, sem lengst af hefir barist áfram vinnumannslaus á erfiðri jörð, kæmi slík orðgnótt. Það var einkennilegt við setningar Jóns, að hann jók stundum í orði, sem flestum öðrum hefði ekki komið til hugar að beita í svip-uðu máli, og virtist mér það orð einmitt oft sýna skáldið; eins og þegar hann var að tala um hvernig alt flyti í *íðandi* vatni.

Fornsögu kunnir Jón að segja, sem eg hafði aldrei heyrt getið um áður, af Hávarði sem bærinn er kendur við. Er víst líklegra, að sagan sé skálduð, til að gera grein fyrir örnefnum, heldur en hitt, að þar séu forn munnmæli, sem hafa varðveitt að fornum sið.

Faðir Jóns hafði búið á Hávarðsstöðum á undan honum, verið fróðleiksmáður og átt eitthvað af bókum, sem Jón hafði lesið af miklum áhuga þegar hann var á barnsaldri. Hafði Jón, af eg man rétt, ætlað að taka aðra jörð, en það varð úr, að hann fór að Hávarðsstöðum. Róm er sú taug, er rekka dregur, föður túna til, sagði karlinn, og mun víst enginn ámæla honum, þó að hann minti að Sveinbjörn Egilsson hefði svo kveðið.

Tólf börn hafa þau hjón eignast og mist fimm. Það er engin furða þó að góðlega gamla konan sé þreytuleg. 7 synir lifa; heitir Arngrímur sá elsti og er fyrir nokkru farinn að búa. Jón gamli nefndi oft Grímsa sinn, og það var auðsæð að þessi sonur er verðlaunin, sem lífið hefir veitt honum. Arngrímur hefir erft gáfur föður síns í nokkuð breyttri mynd; hann hefir brennandi áhuga á að yrkja, ekki kvæði, en jörðina; og hann er hagur vel, ekki á orð en á tré og málma.

Það ímyndunarafi, sem hefir gert Jón að skáldi þrátt fyrir mjög óvænlegar ytri ástæður, hefir gert soninn að framfaramanni, þó að örðugt sé uppdrattar, að ógleymdum kjarkinum, sem lýsir sér í því, að Jón virtist óbeygður í lund þrátt fyrir elli og æfistrit, og þó að sjónin sé farin á öðru auganu og hinu hætt.

En óskandi væri, að þessi erfiða fátækt, sem er svo margra mein, sligi ekki Arngrím, sem virtist vera einn af þessháttar mönnum, sem þyrftu að vera sem flestir hér, þar sem þarf

nærri því að verða að ástríðu fyrir  
mönnum að rækta jörðina, ef vel á  
að fara.

Það er varla við því að búast, hér  
norður við heimskautsbaug, að þessir  
engiteigar, sem reittir hafa verið bóta-  
laust í þúsund ár, geti verið aðalund-  
irstaða undir þjóðarvelmegun.

Í trú Forn-Persa var það kent, að  
öflug jarðrækt væri betra ráð til að  
koma sér við guð, heldur en tíu þús-  
und bænir. Einhver svipuð setning  
hefði þurft að vera í trúarbrögðum  
Islendinga.

*Helgi Pjeturss.*

